

1. maí 2023 - Verkalýðsfélag Snæfellinga

Réttlæti - Jöfnuður - Velferð

Ágætu félagar,

ég vil byrja á því að óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju með daginn okkar allra, það er mér sannur heiður að fá að standa hér í dag og ávarpa þessa samkomu.

Í dag eru slétt 100 ár síðan alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins var haldinn hátíðlegur hér á landi í fyrsta sinn. Það var ekki hlaupið að því þá, því að 1. maí 1923 var þriðjudagur. Virkur dagur og fyrir 100 árum var fólk yfirleitt að gera annað á þriðjudögum en að leggja niður störf og sameinast í kröfum sínum um bætt samfélag. Fólk þurfti því að taka sér frí úr vinnu ef það vildi taka þátt. Skrifaðar voru brýningargreinar í blöð og í Reykjavík fóru erindrekar um og skoruðu á verkafólk að hætta að vinna á hádegi og taka þátt í kröfugöngu. Að sögn tókst það furðanlega vel, þrátt fyrir “hótanir og illyrði sumra verkstjóra”, eins og það er orðað í sögu ASÍ. Þar segir enn fremur að blaðamaður Alþýðublaðsins hafi verið ánægður með gönguna og sagði um 500 manns hafa tekið þátt í henni en 3-4 þúsund hefðu verið á útifundinum, að börnum frátöldum. Blaðamaður Morgunblaðsins áleit að í göngunni hefðu verið 40-50 manns.

Ég heyri stundum sagt að 1. maí sé genginn sér til húðar, sé risaeðla frá löngu liðinni fortíð og óþarfi að launafólk haldi hann í heiðri. Vegurinn okkar til framtíðar er hins vegar varðaður af sporum sem tekin voru í fortíð. Þau réttindi sem nú teljast sjálfsögð hafa áunnist síðustu áratugi og komu ekki af sjálfu sér. Þau urðu til vegna þess að fyrri kynslóðir þreyttu óeigingjarna baráttu og við sem sitjum hér í dag höldum stolt merkjum þeirrar baráttu á lofti.

-

Í gegnum tíðina hef ég unnið ýmis störf, ég vann í fiski, starfaði við umönnun aldraðra, við kennslu og sinnti ýmsum afgreiðslu- og þjónustustörfum. En frá árinu 2006 hef ég verið svo heppin að fá að vinna ýmis störf innan verkalýðshreyfingarinnar. Lengst af starfaði ég á skrifstofu verkalýðsfélags og þar kynntist ég vel þeim verkefnum sem félögin um allt land sinna á hverjum degi. Og það er einn sá besti lærdómur sem ég hef hlotið. Ég vann við að taka á móti félagsmönnum og liðsinna þeim við lausn sinna mála. Ég fékk að tala við og ná að skilja aðstæður fólks sem vinnur langa vinnudaga á umsömdum töxtum, en getur samt ekki tryggt börnum sínum örugga búsetu, hvað þá tómstundir eða slíkan lúxus. Ég hef heimsótt fólk á „heimilum“ sínum sem það leigir af sínum vinnuveitanda,

honum algjörlega háð um allt lífsviðurværi, ekki bara laun heldur líka húsnæði, húsnæði sem í sumum tilfellum eru óboðlegar smákytrur sem fólk þarf að deila með öðrum. Í þessum aðstæðum er valdaójafnvægið algjört.

Það að geta hjálpað fólki sem glímir við veikindi eða atvinnumissi, verður fyrir launþjófnaði eða lifir í þessu valdaójafnvægi á annan hátt, hefur styrkt mig í þeirri trú að þau störf sem unnin eru innan verkalýðshreyfingarinnar skipta máli. Þau verkefni sem verkalýðsfélögin um allt land fá inn á borð til sín á hverjum degi eru óteljandi og bæta sannarlega líf fólks.

Fyrir rúmu hálfu ári tók ég svo við starfi framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins og það má vera flestum ljóst að þetta tímabil hefur ekki verið neitt grín. Þegar ég hóf störf voru kjarasamningar að renna út, viðræður gengu vægast sagt mjög illa, ASÍ-þingið leystist upp. Fjölmiðlar hjálpuðu ekkert sérstaklega til við að létta stemninguna. Opinber umræða snerist nánast eingöngu um óeiningu, hártoganir um hver sagði hvað um hvern og að allt sé upp í loft. Mér féllust nánast hendur. Á tímabili hringdi mamma í mig á hverju kvöldi eftir fréttir til að athuga hvort það væri nú ekki örugglega í lagi með mig.

Ég verð hins vegar að segja fyrir mitt leyti að þrátt fyrir að þetta tímabil hafi vissulega verið krefjandi þá ratar ekkert í fréttirnar nema það sé nógu krassandi. Og það er ekkert nýtt, eins og misvísandi fréttir af fyrsta útifundinum fyrir 100 árum sýna glögg. Sjálf hef ég alls staðar mætt jákvæðu viðmóti, fólk hefur tekið mér vel og boðið mig velkomna. Það er líka alveg í samræmi við fyrri reynslu mína úr störfum innan verkalýðshreyfingarinnar, ég þekki fólk innan hennar af góðu. Daglega er ég í samskiptum við aðildarfélögin um allt land, verkefni eru ærin og þau klárar fólk með hjartanu og hausnum - og ég fylgist af aðdáun með störfum þeirra.

-

Yfirskrift dagsins, **Réttlæti-Jöfnuður-Velferð**, minnir okkur á að við búum í samfélagi sem hefur alla burði til sanngjarnrar skiptingu gæða svo enginn þurfi að líða skort.

Íslenskt atvinnulíf stendur styrkum fótum og staða fyrirtækja hefur sjaldan verið betri, ef marka má afkomutölur. Útflutningsgreinarnar okkar standa vel, sjávarútvegurinn blómstrar og ferðapjónustan hefur tekið vel við sér eftir heimsfaraldur. Veisluborðið er dúkað og hlaðið kræsingum, en það fá ekki allir að sitja við það.

Á Íslandi búa um 10.000 börn sem ekki fá notið þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þau búa við fátækt. Þetta kemur fram í [nýlegri skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla](#). Þetta eru sláandi tölur, rúm 13% íslenskra barna búa við fátækt, og þeim hefur fjölgað milli ára. Hugsið ykkur, í 30 barna hópi eru að jafnaði 4 börn sem búa við fátækt eða á heimilum undir lágtekjumörkum. Þetta er algerlega óviðunandi í okkar samfélagi.

Heimili landsins standa í ströngu um þessar mundir. Húsnæðiskostnaður er að sliga flest heimili hvort sem fólk er á leigumarkaði eða skuldar í eigin húsnæði. Ungu fólkið okkar kemst ekki inn á húsnæðismarkaðinn. Flutningskostnaður er í hæstu hæðum og matarkarfan hækkar stöðugt.

Svo er enn eina ferðina rætt um þjóðarsátt. Um hvað ætti slík þjóðarsátt að snúast? Um laun æðstu stjórnenda? Arðgreiðslur fjármagnseigenda? Að öldrun eða örorka eigi að vera ávísun á fátækt? Að við greiðum þeim sem sýsla með peninga alltaf hærri laun en þeim sem annast fólk?

Hvernig væri að þjóðarsáttin okkar snerist um að skipta kökunni með réttlátari hætti þannig að allir fái sæti við borðið og geti haft það gott. Að laun fyrir 8 tíma vinnudag dugi öllum til framfærslu óháð aldri, kyni, uppruna og starfsgrein. Að árið 2023 líði börnin okkar ekki fyrir fátækt og allir geti borið höfuðið hátt. Þetta er hægt, það er nefnilega nóg til.

Kæru félagar,

Í aðdraganda kjarasamninga sem gengið var frá í desember varð vart við umræðu um samanburð á kostnaði við að búa á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Því var jafnvel haldið fram að nauðsynlegt væri að semja um hærri laun á höfuðborgarsvæðinu þar sem íbúar þar byggju við hærri framfærslukostnað.

Nú er ég bara miðaldra landsbyggðartúttu, en þennan málflutning fæ ég aldrei skilið öðruvísi en tilraun til að etja saman hópum launafólks, kljúfa samstöðuna og valda úlfúð. Vissulega er húsnæðiskostnaður yfirleitt hærri á höfuðborgarsvæðinu, en þegar aðrir þættir eru teknir með í reikninginn, t.a.m. kostnaður við heilbrigðisþjónustu, flutningskostnaður, kostnaður við nám og kaup á vöru og þjónustu þá er annað uppi á teningnum. Hættum þessu rugli og leyfum ekki svona útúrsnúningum að sundra okkur og draga athyglina frá verkefnum framundan.

-

Sagt er að ef þú vilt komast hratt yfir, þá er betra að ferðast einn. Viljir þú komast langt, þá er betra að ferðast í hópi. Kostir þess að tilheyra samfélagi, þar sem við styðjum hvert annað og látum okkur hvert annað varða, eru ómetanlegir. Slíku samfélagi vil ég tilheyra.

Á næstu misserum verður samstaðan okkar beittasta vopn. Með hana í fylkingarbrjósti höfum við möguleika á að ná eins langt og okkur lystir. Við vinnum betur sameinuð en sundruð. Það má ekki gleyma því að gegn okkur vinna öfl sem bíða þess að samstaðan bresti og hægt verði að brjóta krafta okkar á bak aftur. Í haust lögðu þingmenn stærsta stjórnálflokks landsins t.a.m. fram frumvarp sem hefur það eina markmið að leggja verkalýðshreyfinguna í rúst. Það er sótt að okkur úr öllum áttum og því megum við alls ekki sóa orku okkar í innbyrðis átök, við eigum sameiginleg markmið um betri heim og þótt leiðirnar geti verið ólíkar þá getum við og eigum að vinna saman að þeim markmiðum.

Eins og ég minntist á hér í upphafi þá er þetta í hundraðasta sinn sem Íslendingar safnast saman á 1 maí. Í hundraðasta sinn sem við tileinkum heilan dag baráttu verkafólks um allan heim og gerum ljóst að við viljum betri heim, betri kjör, betra samfélag, jafnari skiptingu auðs, með réttlæti, jöfnuð og velferð að leiðarljósi.

Við skulum horfa fram á veginn. Framtíðin er okkar og ef við snúum bökum saman þá verður hún björt.

Kæru félagar, til hamingju með daginn, megið þið eiga gleðilegan baráttudag.

Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands